

Efnisyfirlit

Samantekt	2
Inngangur	4
<hr/>	
Kafli 1	
Rekstur Varasjóðs húsnæðismála	5
Lagaheimildir og reglugerðir	5
Helstu áhrifaþættir Varasjóðs húsnæðismála	8
<hr/>	
Kafli 2	
Áætlanir 2005-2009	16
Forsendur	16
<hr/>	
Kafli 3	
Árangursmat	19
Árangursmat	19
<hr/>	
Kafli 4	
Tillögur um aðgerðir	26
<hr/>	
Viðauki A	
Útreikningsaðferðir – skilgreiningar	29
<hr/>	
Viðauki B	
Rekstur félagslega íbúðakerfisins 1999-2003	30
<hr/>	
Viðauki C	
Dreifing lána í árslok 2004	32

Samantekt

Varasjóður húsnæðismála tók við hlutverki Varasjóðs viðbótarlána og Tryggingarsjóðs byggingargalla þann 1. ágúst 2002. Auk þess hefur sjóðurinn það hlutverk að aðstoða sveitarfélög þar sem félagslega íbúðakerfið íþyngir rekstri.

Helstu áhrifavaldar á starfsemi Varasjóðs húsnæðismála eru:

- uppgreiðsla viðbótarlána
- lágmarkseiginfjárstaða sjóðsins
- breytingar á fasteignaverði

Í skýrslunni er gerð grein fyrir þessum þáttum.

- Söluframlög hafa verið greidd frá árinu 2000 og voru samtals 224 m.kr. fram til 31. júlí 2002. Frá stofnun Varasjóðs húsnæðismála hafa verið greiddar 210 m.kr. í söluframlög. Alls hafa því verið greiddar 434 m.kr. í söluframlög.
- Rekstartengd framlög skiptast í framlög vegna auðra íbúða og framlög vegna rekstrarvanda félagslegra íbúða. Samtals hefur verið greidd 151 m.kr. í rekstartengd framlög frá stofnun Varasjóðs húsnæðismála þann 1. ágúst 2002.
- Gert hefur verið samkomulag ríkis og sveitarfélaga um framlög í sjóðinn og ráðstafanir úr honum. Samkomulagið var til fimm ára og tók gildi í apríl 2002.
- Eigið fé Varasjóðs húsnæðismála var um 1,5 ma.kr. í árslok 2004.
- Tilgangur Varasjóð viðbótarlána hefur verið að halda Íbúðalánasjóði skaðlausum vegna hugsanlegra tapaðra viðbótarlána. Ekki hefur reynt mikið á sjóðinn og af um 26 ma.kr. útgefnum hafa um 42 m.kr. tapast, mest á Suðurnesjum. Tapið nemur um 0,09% að jafnaði af lifandi lánnum hverju sinni.
- Uppgreiðslur viðbótarlána nema um 20% af útgefnum lánnum og um síðustu áramót voru eftirstöðvar viðbótarlána um 21 ma.kr.
- Nauðsynlegt eigið fé vegna viðbótarlána er um 3-4% af lifandi lánnum, að teknu tilliti til þess að veðsetning íbúða á höfuðborgarsvæðinu er nú um 63% (í stað 90% við lánveitingu), að eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja er um 4% vegna lána til íbúðarhúsnæðis (m.v. 80% veðsetningu af fasteignamati) og að eigið fé Íbúðalánasjóðs er um 2,5% af útlánnum.
- Frá 1999 hefur Tryggingasjóður byggingargalla greitt um 47 m.kr. vegna byggingargalla.
- Nauðsynlegt eigið fé Tryggingasjóðs byggingargalla minnkar um 50% til ársins 2010 og tryggingarvernd lýkur árið 2013.
- Sett er fram áætlun fyrir sjóðinn til ársins 2009. Þar er tekið tillit til tillagna tekjustofnanevndar um framlög úr Varasjóði viðbótarlána til þeirra sveitarfélaga þar sem rekstur félagslega íbúðakerfisins hefur verið þungur.
- Færa má rök fyrir því að vandi félagslega íbúðakerfisins sé að minnka. Íbúðum, sem sveitarfélögin þurfa að innleysa hefur fækkað og íbúðum í eigu sveitarfélaga hefur einnig fækkað frá árinu 2000 til ársloka 2004.
- Framlög úr Varasjóði húsnæðislána hafa farið til þeirra sveitarfélaga sem í mestum erfiðleikum hafa átt með rekstur félagslega íbúðakerfisins.
- Flest þau markmið sem sett voru við undirbúning aðgerða árið 2001 (skýrsla Reksturs og Ráðgjafar ehf. fyrir Íbúðalánasjóð og félagsmálaráðuneytið) hafa náð fram að ganga. Þó hefur sjálfbærni kerfisins ekki gengið eftir.

- Lagt er til að beitt verði sértækum aðgerðum, með aðkomu fleiri aðila, s.s. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þar sem vandi sveitarfélags er það mikill og almennur að aðstoð Varasjóðsins dugar skammt.
- Lagt er til að hömlur á nýtingu íbúða verði aflétt og að skoðað verði hvort ekki megi selja þær með áhvílandi hagstæðum lánnum. Með þeim hætti mætti hækka verð íbúðanna og draga úr söluframlögum sjóðsins.
- Lagt er til að sveitarfélög hafi val um að framlengja kaupskyldu sína um tilgreindan tíma. Þetta mun draga úr þrýstingi á sölu íbúða þegar kaupskylda rennur út og eigandi vill tryggja það að hann fái andvirði íbúðar greitt að fullu.
- Bæta þarf upplýsingaöflun um félagslegar íbúðir sveitarfélaga og samræma meðferð í upplýsingakerfum sveitarfélaganna.

Inngangur

Að beiðni stjórnar Varasjóðs húsnæðismála hefur ParX viðskiptaráðgjöf IBM unnið meðfylgjandi úttekt á starfsemi sjóðsins.

Í verksamningi aðila kemur fram að markmið úttektarinnar sé

- Að meta árangur starfs Varasjóðs húsnæðismála á starfstíma sjóðsins og hvort ástæða sé til endurskoðunar á þeim reglum sem um hann gilda og starfsháttum;
- að meta umfang þess verkefnis sem sjóðurinn hafði við upphaf starfstíma og hvernig það hefur breyst á starfstímanum;
- að gera grein fyrir aðkomu Varasjóðs húsnæðismála á starfstímanum;
- að meta hvaða þættir það eru sem helst hafa áhrif á þann vanda sem sjóðnum var ætlað að leysa;
- að gera áætlun/ til næstu ára um starfsemi sjóðsins;
- að gera tillögur að því hvernig leysa megi þann vanda sem sveitarfélög eiga í vegna félagslegra íbúða;
- að gera grein fyrir stöðu Varasjóðs húsnæðismála annars vegar og Tryggingasjóðs vegna byggingargalla hins vegar.

Ofangreind markmið úttektarinnar má draga saman í neðangreind meginmarkmið:

- Rekstri sjóðsins lýst á starfstímanum
- Árangri sjóðsins lýst meðal annars með samanburði á stöðu félagslega íbúðakerfisins fyrir starfsemi sjóðsins og eftir að hún hófst.
- Framtíð sjóðsins, áætlanagerð og breytingar á reglum sjóðsins.

Nánar verður gerð grein fyrir hverjum ofangreindra þriggja meginmarkmiða úttektarinnar í umfjölluninni hér á eftir.

Rekstri sjóðsins verður lýst með greiningu á þeim framlögum sem sjóðurinn hefur veitt til sveitarfélaga á tímabilinu. Gerð er grein fyrir því m.a. hvernig framlög úr sjóðnum hafa dreifst á milli landshluta.

Árangursmatið er meðal annars framkvæmt með samanburði á stöðu fyrir og eftir að sjóðurinn hefur starfsemi sína. Lagðar eru til aðferðir við mat á árangri sjóðsins í framtíðinni. Þá var horft til þess hvernig sjóðurinn hefur uppfyllt markmið sín.

Sett er fram áætlanagerð sem byggir á niðurstöðum um eiginfjárhlutfall og fyrirliggjandi samþykktum um greiðslur úr sjóðnum á næstu árum.

Gagna til vinnslu verkefnisins var aflað hjá Varasjóði húsnæðismála, Íbúðalánasjóði, Fasteignamati ríkisins, Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Kafli 1

Rekstur Varasjóðs húsnæðismála

Varasjóður húsnæðismála tók við skuldum og eignum Varasjóðs viðbótarlána annars vegar og Tryggingasjóðs byggingargalla hins vegar. Sjóðurinn hóf starfsemi þann 1. ágúst 2002.

Varasjóður húsnæðismála hefur umsjón með Varasjóði viðbótarlána og Tryggingasjóði byggingagalla. Eigið fé sjóðsins er nú um 1,5 ma.kr., en rekstrartekjur hans munu minnka verulega árið 2005, þar sem framlög vegna viðbótarlána falla niður í kjölfar breyttra lána.

Helstu áhrifavaldar á starfsemi Varasjóðs húsnæðismála eru:

- uppgreiðsla viðbótarlána
- lágmarks eiginfjárstaða sjóðsins
- breytingar á fasteignaverði

Áður en gerð verður grein fyrir þessum áhrifavöldum verður fjallað stuttlega um heimildir laga og reglna sem um sjóðinn gilda.

Lagaheimildir og reglugerðir

Varasjóður húsnæðismála var stofnaður með lögum nr. 86/2002 um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Sjóðurinn starfar á grundvelli þessara laga og reglugerðar nr. 656/2002. Varasjóður húsnæðismála tók yfir allar eignir, réttindi og skyldur Varasjóðs viðbótarlána og Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla og sér um umsjóu þeirra.

Sjóðurinn er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaganna og er sjálfstæð rekstrareining. Félagsmálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og mælir fyrir um starfsemi hans í reglugerð¹. Sjóðurinn veitir framlög til sveitarfélaga vegna félagslegra eignar- og leiguíbúða, auk ráðgjafar og leiðbeininga um rekstrarform félagslegra leiguíbúða. Þá sér sjóðurinn um upplýsingavinnslu og úttekt á árangri af verkefnum sjóðsins.

Sjóðnum er stýrt af fimm manna ráðgjafanefnd. Í nefndinni eru þrír fulltrúar skipaðir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn er skipaður af fjármálaráðherra og annar skipaður af félagsmálaráðherra.

Hlutverk ráðgjafanefndar Varasjóðs húsnæðismála er fjórþætt samkvæmt áðurnefndri reglugerð. Í fyrsta lagi hefur nefndin hlutverki að gegna varðandi *afkomuvanda* sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða. Hún ráðstafar rekstrarframlögum til þeirra sveitarfélaga sem hafa

¹ Lög nr.44/1998, 43. gr.

halla af rekstri félagslega húsnæðiskerfisins og söluframlaga til þeirra sveitarfélaga, þar sem reiknað innlausnarverð íbúðanna er hærra en markaðsverð þeirra.

Í öðru lagi skal sjóðurinn hafa *umsjón með rekstri Varasjóðs viðbótarlána*, sem hefur það hlutverk að tryggja að Íbúðalánasjóður verði ekki fyrir tjóni vegna hugsanlegra útlánatapa á viðbótarlánnum.

Í þriðja lagi hefur sjóðurinn *umsjón með rekstri og fjárreiðum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla*. Hlutverk sjóðsins er eins og nafnið ber með sér að bæta tjón vegna galla á íbúðum sem sveitarfélög hafa byggt og ekki verður bætt með tryggingum verktaka.

Í fjórða lagi skal ráðgjafanefndin annast *ráðgjöf til sveitarfélaga* sem vilja breyta rekstrarformi félagslegar leiguíbúða eða hagræða í rekstri þeirra og annast upplýsingavinnslu og *úttekt á árangri* af verkefnum sjóðsins.

Rekstrarreikningur	SKpús	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Tekjur		79.154	267.817	212.287	351.851	381.721	337.820
Framlög sveitarfélaga í Varasjóð		79.154	114.846	146.464	242.347	301.721	257.820
Söluhagnaður íbúða		0	102.971	34.323	10.427	0	0
Sveitarfélög: v./rekstrarframlaga		0	0	0	10.000	10.000	10.000
Sveitarfélög: v./söluframlaga		0	0	0	10.000	10.000	10.000
Framlög ríkisins í Varasjóð		0	50.000	31.500	62.577	60.000	60.000
Aðrar rekstrartekjur		0	0	0	16.500	0	0
Gjöld		0	138.533	81.911	159.523	180.022	169.345
V./reksturs félagslegra íbúða		0	0	0	40.153	41.398	70.000
V./auðra félagslegra íbúða		0	0	0	29.847	28.602	0
V./sölu félagslegra íbúða		0	0	0	43.814	96.217	69.941
Sérstök framlög af eigin fé		0	0	0	0	0	0
Endurgreiddur sölukostnaður		0	4.912	2.801	1.435	0	0
Niðurgreiðslur og afskriftir eldri lána		0	133.621	62.269	28.060	0	0
Tjón vegna byggingargalla		0	0	16.841	16.214	948	12.436
Útlánatöp og önnur útgjöld		0	0	0	0	12.857	16.968
Hreinar tekjur		79.154	129.284	130.376	192.328	201.699	168.475
Rekstrarkostnaður		3.016	5.768	8.667	10.617	12.771	10.458
Laun og launatengd gjöld		2.697	3.995	5.428	4.945	7.175	7.437
Annar rekstrarkostnaður		319	1.773	3.239	5.672	5.596	3.021
Tekjur umfram gjöld		76.138	123.516	121.709	181.711	188.928	158.017
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld							
Vaxtatekjur og verðbætur		11.885	27.062	19.435	66.800	66.754	115.311
Tekjur umfram gjöld ársins		88.023	150.578	141.144	248.511	255.682	273.328

Tafla 1 Rekstrarreikningur Varasjóðsins, þ.e. Varasjóðs viðbótarlána frá 1999-31. júlí 2002 og Varasjóðs húsnæðismála frá 1. ágúst 2002-2004

Heimild: Ársreikningar Varsjóðs viðbótarlána og Varasjóðs húsnæðismála

Varasjóðurinn² hefur allt frá stofnun verið rekinn með afgangi. Sjóðurinn hafði á fyrstu árum sínum tekjur af framlögum sveitarfélaga vegna framlaga í Varasjóð viðbótarlána og vegna framlaga í Tryggingasjóð byggingargalla. Árið 2000 hafði sjóðurinn auk þess

² Varasjóðurinn verður hér eftir notað sem samheiti yfir Varasjóð viðbótarlána og Varasjóð húsnæðismála, nema annað sér sérstaklega tiltekið.

talsverðar tekjur af söluhagnaði íbúða sem seldar voru út úr kerfinu og vegna framlaga úr ríkissjóði³. Tekjur af söluhagnaði seldra íbúða lækkuðu verulega árin 2001 og 2002, þegar nokkur sveitarfélög afsöluðu sér kauprétti.

Helstu útgjöld sjóðsins á tímabilinu hafa verið vegna sölu íbúða úr félagsíbúðakerfinu. Frá ársbyrjun 2000 til 31. júlí 2002 námu framlögin um 224 m.kr. Frá því sjóðnum var breytt þann 1. ágúst 2002 til ársloka 2004 námu framlög vegna seldra íbúða 210 m.kr. Söluframlög tímabilið 2000-2004 námu því um 434 m.kr.

Rekstrartengd framlög voru um 210 m.kr. á tímabilinu og skiptust í framlag vegna auðra íbúða sem námu um 58 m.kr. og framlag vegna rekstrarvanda félagslegra íbúða sem voru um 151 m.kr.

Samhliða sterkari efnahagsreikningi hafa vaxtatekjur sjóðsins aukist og námu árið 2004 um fjórðungi heildartekna sjóðsins.

Sjóðstreymi	SKþús	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Innborganir							
Sveitarfélög v. viðbótarlána		79.154	195.761	165.309	246.030	287.048	281.219
Sveitarfélög v. rekstrarframlaga		0	0	0	10.000	10.000	10.000
Sveitarfélög v. söluframlaga		0	0	0	10.000	10.000	10.000
Framlag úr Tryggingasjóði		0	0	0	60.000	60.000	60.000
Framlag ríkisins		0	50.000	31.500	2.577	120.000	60.000
Innborgaðar vaxtatekjur		4.867	21.178	62.279	73.805	66.754	115.311
Aðrar inngreiðslur		0	0	345.213	11.866	0	0
Innborganir samtals		84.021	266.939	604.301	414.278	553.802	536.530
Útborganir							
Greitt til sveitarfélaga		0	129.807	65.070	55.767	180.428	203.539
útborgun v. lækkunar viðbótarlána		0	0	0	0	0	0
TB v. sölu- og rekstrarframlaga		0	0	0	60.000	60.000	60.000
Kostnaður og skammtímaskuldir		3.016	7.677	8.667	18.122	13.844	10.738
Útborganir samtals		3.016	137.484	73.737	133.889	254.272	274.277
Breyting á handbæru fé		81.005	129.455	530.564	280.389	299.530	262.253
Handbært fé í ársbyrjun		0	81.005	210.460	741.024	1.021.413	1.320.943
Handbært fé í árslok		81.005	210.460	741.024	1.021.413	1.320.943	1.583.196

Tafla 2 Sjóðstreymi Varasjóðsins 1999-2004
 Heimild: Ársreikningar Varasjóðs viðbótarlána og Varasjóðs húsnæðismála

Ríflega helmingur innborgana í sjóðinn hefur komið frá þeim sveitarfélögum sem greiddu óafturkræft framlag vegna viðbótarlána. Önnur framlög hafa komið úr ríkissjóði, Tryggingasjóði byggingargalla og frá sveitarfélögunum.

Ríkissjóður og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa gert með sér samkomulag um framlög til Varasjóðs húsnæðismála. Samkomulagið var gert þann 4. apríl 2002. Samkvæmt

³ Gert var ráð fyrir því í upphafi að söluhagnaður íbúða á þeim svæðum þar sem fasteignaverð var hátt, myndi renna í sjóðinn og þær tekjur yrðu notaðar til að greiða sölutap á svæðum þar sem fasteignaverð var lágt.

samkomulaginu greiðir ríkissjóður 60 m.kr. framlag í sjóðinn á ári til ráðstöfunar vegna rekstrarvanda félagslega íbúðakerfisins og vegna söluframlaga, auk þess greiða sveitarfélögin í sjóðinn eftir íbúafjölda samtals 20 m.kr. á ári og loks að Tryggingasjóður byggingargalla leggi honum til jafnhátt framlag og ríkissjóður, 60 m.kr. á ári.

Samkvæmt tillögum tekjustofnanefndar þann 17. mars 2005 mun ríkissjóður greiða aukið fé til söluframlaga sjóðsins árin 2005-2008, alls um 145 m.kr.

Tafla 3 sýnir efnahagsreikning Varasjóðs húsnæðismála frá 1999-2004. Sjóðurinn hefur verið að styrkjast um 200-300 m.kr. á ári og voru eignir hans í árslok 2004, samkvæmt ársreikningi 2004, um 1,6 ma.kr. og eigið fé um 1,5 ma.kr.

Efnahagur	SKpús	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Eignir		384.786	551.492	764.387	1.101.063	1.355.266	1.594.120
Kröfur		303.781	341.032	23.363	79.650	34.323	10.924
Skammtímakröfur		303.781	341.032	23.363	79.650	34.323	10.924
Handbært fé		81.005	210.460	741.024	1.021.413	1.320.943	1.583.196
Eigið fé		382.877	551.429	744.637	993.149	1.248.831	1.522.159
Varasjóður viðbótarlána		88.023	209.540	388.813	653.880	978.989	1.302.038
Vegna afskrifta og niðurgreiðslu eldri ló		17.319	15.072	17.282	0	0	0
Tryggingasjóður byggingagalla		277.535	326.817	338.542	293.557	248.565	196.998
Framlög við sölu		0	0	0	45.712	21.277	23.123
Rekstrarframlög		0	0	0	0	0	0
Skuldir		1.909	63	19.750	107.914	106.435	71.961
Skuld við sveitarfélög		0	0	0	104.600	104.195	70.000
Aðrar skammtímaskuldir		1.909	63	19.750	3.314	2.240	1.961
Skuldir og eigið fé		384.786	551.492	764.387	1.101.063	1.355.266	1.594.120

Tafla 3 Efnahagsreikningur Varasjóðsins 1999-2004
 Heimild: Ársreikningar Varasjóðs viðbótarlána og Varasjóðs húsnæðismála

Helstu áhrifaþættir Varasjóðs húsnæðismála

Í upphafi þessa kafla segir að þau þrjú atriði sem helst hafa áhrif á starfsemi Varasjóðs húsnæðismála séu uppgreiðslur viðbótarlána, nauðsynleg eiginfjárstaða og breytingar á fasteignaverði. Hér verður fjallað nánar um þessa þætti. Fjallað verður sérstaklega um uppgreiðslur viðbótarlána og nauðsynlega eiginfjárstöðu. Fjallað er um breytingar á fasteignaverði samhliða umfjölluninni um eiginfjárstöðuna.

Uppgreiðslur viðbótarlána

Svo sem fyrr segir var Varasjóður viðbótarlána settur á laggirnar til að verja Íbúðalánasjóð fyrir hugsanlegum tjónum af viðbótarlánnum til þeirra sem ekki höfðu aðstæður til að eignast íbúð á almennum forsendum, þ.e. með 65/70% láni Íbúðalánasjóðs og eiginfjár framlagi eða bankaláni. Húsnæðismál hafa verið skilgreind sem verkefni sveitarfélaga og gera lög um

félagsþjónustu sveitarfélaga ráð fyrir því að þau tryggji íbúum sínum þak yfir höfuðið. Það lá því beint við þegar breytingar voru gerðar á lögum um húsnæðismál árið 1998 og viðbótarlánin voru tekin upp að það skyldi vera á ábyrgð sveitarfélaganna að tryggja Íbúðalánasjóð skaðlausan af auknum lánveitingum. Lögin gerðu ráð fyrir því að þau sveitarfélög, sem óskuðu eftir því að íbúum yrði veitt viðbótarlán greiddu sérstakt óafturkræft framlag í Varasjóð viðbótarlána, sem í upphafi nam 5% af lánsfjárhæðinni en var lækkað í október 2003 í 4%.

Frá því að sjóðurinn hóf starfsemi hefur ekki reynt mjög á tryggingar Varasjóðsins og í heild hafa Íbúðalánasjóði verið greiddar 42,4 m.kr. vegna tapaðra lána.


Landsvæði	Tap	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	11.835.929	27,9%
Suðurnes	19.232.644	45,4%
Vesturland	662.854	1,6%
Vestfirðir	861.363	2,0%
Norðurland vestra	1.697.197	4,0%
Norðurland eystra	4.351.733	10,3%
Austurland	2.680.672	6,3%
Suðurland	1.071.794	2,5%
Samtals	42.394.186	100,0%

Tafla 4 Töpuð viðbótarlán eftir landshlutum
Heimild: Varasjóður húsnæðismála

Á tímabilinu 1999-2003 fjölgaði viðbótarlánunum mjög og framlag sveitarfélaganna hækkaði úr 87 m.kr. árið 1999 í 302 m.kr. árið 2003, en lækkuðu á síðasta ári í um 258 m.kr. Framlagið var lækkað úr 5% af veittum viðbótarlánunum í 4% með reglugerð nr. 754/2003 um breytingu á reglugerð nr. 656/2002.

Með breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 120/2004 sem tóku gildi 2. desember 2004 var lánshlutfall almennra húsnæðislána hækkað í 90%, og viðbótarlánin lögð af. Þessi laga-breyting hefur veruleg áhrif á tekjur sjóðsins, sem eftir hana samanstanda af sérstökum framlögum ríkis og sveitarfélaga auk vaxtatekna.

Tekjuþörf sjóðsins hefur einnig breyst með tilkomu hinna nýju laga. Svo sem fyrr segir var sjóðnum ætlað að tryggja Íbúðalánasjóð skaðlausan af viðbótarlánunum, en með tilkomu 90% lánanna er ekki þörf á slíku ábyrgðargjaldi. Í raun er staða sjóðsins mjög góð, ef gert er ráð fyrir því að ábyrgðargjaldið hafi verið nægilega hátt til að tryggja Íbúðalánasjóð skaðlausan á sínum tíma. Þetta kemur m.a. til af því að síðustu misseri hefur íbúðaverð hækkað umtalsvert umfram verðlag og einnig vegna uppgreiðslu viðbótarlána.



Mynd 1 Útgefin viðbótarlán eftir árum í m.kr.

Heimild: Unnið úr gagnagrunnum Varasjóðs húsnæðismála og Íbúðalánasjóðs

Uppgreiðslur viðbótarlána hafa aukist verulega á hinum síðari árum og þann 31. desember 2004 námu þær um 3,8 ma.kr. sem samsvarar um 20% af útgefnum lánnum frá því að sjóðurinn hóf starfsemi.

Ár	Fjöldi lána			Upphæð lána á árslokaverðlagi 2004			Hlutfall
	Útgefin	Lifandi 2004	Uppgr. lán	Útgefin	Eftirstöðvar lifandi lána	Uppgreidd	
1999	1.177	863	314	2.143.849.575	1.276.983.353	866.866.222	40,4%
2000	1.371	1.146	225	2.529.322.343	1.725.331.567	803.990.776	31,8%
2001	1.747	1.572	175	3.189.512.183	2.248.265.269	941.246.914	29,5%
2002	2.595	2.503	92	5.167.153.985	3.751.932.186	1.415.221.799	27,4%
2003	3.338	3.323	15	6.606.457.142	5.783.950.162	822.506.980	12,5%
2004	3.302	3.067	235	6.502.192.213	6.202.557.061	299.635.152	4,6%
13.530	12.474	1.056	26.138.487.440	20.989.019.598	5.149.467.842	19,7%	

Tafla 5 Yfirlit yfir fjölda útgefna og uppgreiddra lána Varasjóðs viðbótarlána

Heimild: Varasjóður húsnæðislána

Í árslok 2004 höfðu um 40% lána sem útgefin voru árið 1999 verið greidd upp og um þriðjungur lána sem útgefin voru árin 2000-2002. Ef gert er ráð fyrir að uppgreiðslur verði að jafnaði um 2,0 ma.kr. á ári tekur það um 10 ár að greiða eftirstöðvar lifandi lána upp.

Nauðsynleg eiginfjárstaða vegna viðbótarlána

Svo sem fyrr segir er það meginmarkmið sjóðsins að tryggja að Íbúðalánasjóður verði tjónlaus vegna ógreiddra viðbótarlána. Gera verður ráð fyrir lágmarks eiginfjárstöðu vegna viðbótarlána þannig að hægt verði að tryggja að þetta markmið náist.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir uppgreiðslum viðbótarlána, en nauðsynleg eiginfjárstaða sjóðsins ræðst að mestu af þeim.

Aðrir þættir hafa einnig áhrif á nauðsynlega eiginfjárstöðu s.s. veðhæfni íbúðanna. Við hækkun íbúðaverðs eykst veðhæfni íbúðanna og áhætta á tjóni minnkar. Hér verður að taka mið af hækkun íbúðaverðs umfram verðlag, því lánin eru verðtryggð.

Þessir þættir tengjast að miklu leyti innbyrðis þannig að viðbótarlánin eru frekar greidd upp ef fasteignaverð hækkar; fasteignaverð hækkar ef kaupgetan eykst og veðhæfni íbúða eykst ef fasteignaverðið hækkar.

Við mat á nauðsynlegri eiginfjárstöðu sjóðsins verður að meta hverjar líkurnar eru á því að sjóðurinn verði fyrir tapi. Matið byggir á samspili margra þátta s.s. hver reynsla sjóðsins er af vanskilum og töpum, hvert hið raunverulega tap er hverju sinni og hver reynsla annarra er af vanskilum og töpum.

Hér verður gerð grein fyrir hverjum þessara þátta fyrir sig. Fyrst verður gerð grein fyrir þeim töpum sem sjóðurinn hefur orðið fyrir. Því næst verður lagt mat á það hversu miklu tapi ætla megi að sjóðurinn verði fyrir þegar litið er til þess að veðhæfni íbúða, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hefur aukist verulega. Í þriðja lagi verður litið til þess hvert hlutfall eigin fjár er hjá Íbúðalánasjóði og hverjar kröfurnar eru til eiginfjárlutfalls fjármála-fyrirtækja.

Töpuð viðbótarlán

Þar sem svo miklar uppgreiðslur hafa verið á lánnum sjóðsins má gera ráð fyrir því, að ekki sé þörf fyrir allan þann sjóð sem byggður hefur verið upp til að standa undir þeim töpum sem hugsanlega geta orðið vegna viðbótarlána. Eigið fé Varasjóðs viðbótarlána nam í árslok 2004 um 1,3 ma.kr. og gæti sjóðurinn því m.v. 4,5% ávöxtunarkröfu staðið undir árlegum töpum að fjárhæð um 73 m.kr. í rúmlega 36 ár⁴, sem er veginn meðalefistöðvatími "lifandi lána"⁵. Á starfstíma sjóðsins hafa hins vegar í heild tapast um 42 m.kr., eða um 8 m.kr. á ári. Ef gert er ráð fyrir því að árlegt tap sjóðsins verði eins og það hefur verið að jafnaði á starfstíma hans mætti lækka sjóðsstöðuna í um 140 m.kr. Hins vegar verður að taka tillit til þess að töp í sjóðnum eru í lágmarki á fyrstu starfsárum hans og hins að vanskil hafa aukist í honum. Árið 2004 var tap sjóðsins mest, þ.e. 17 m.kr., ef gert er ráð fyrir því að árlega tapist um 20 m.kr. af viðbótarlánnum næstu 36 árin, þarf eigið fé sjóðsins að vera um 355 m.kr., sem samsvarar um 1,69% af lifandi lánnum. Til samanburðar hefur eiginfjárlutfall Íbúðalánasjóðs verið um 2,5%. Ef miðað væri við það ætti eigið fé Varasjóðsins að vera um 525 m.kr.

	2002	2003	2004	2005	Samtals	Meðaltal
Lifandi lán	5.250.580.189	9.002.512.375	14.786.462.537	20.989.019.598	20.989.019.598	
Greitt v. tapaðra lána	3.002.744	9.854.229	17.694.411	11.842.802	42.394.186	10.598.547
Hlutfall tapaðra lána	0,06%	0,11%	0,12%	0,06%		0,09%

Tafla 6 Yfirlit yfir töpuð lán í hlutfalli við lifandi lán hverju sinni
 Heimild: Unnið úr gagnagrunnum Varasjóðs húsnæðismála og Íbúðalánasjóðs

⁴ "Vegið meðallántökuár" er mitt ár 2001 og miðað er við 40 ára lánstíma

⁵ Lifandi lán eru þau viðbótar lán sem ennþá eru virk hjá Íbúðalánasjóði.

Íbúðaverð og veðhæfni íbúða

Við mat á tapsáhættu vegna viðbótarlána ber að hafa í huga þróun íbúðaverðs frá því lánin voru gefin út. Tæp 70% lifandi lána þann 31.12. 2004 voru lán sem veitt voru á höfuðborgarsvæðinu, þar sem verð hafa hækkað verulega á síðustu árum. Frá því fyrstu viðbótarlánin voru gefin út árið 1999 hefur íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 70% umfram verðlagsbreytingar⁶. Lifandi viðbótarlán á höfuðborgarsvæðinu voru um 14,6 ma.kr. á árslokaverðlagi 2004. Þar sem um jafngreiðslulán til 40 ára er að ræða hefur eignamyndun ekki verið mikil á svo stuttum tíma, en að jafnaði er eftirstöðvatími lánanna um 36 ár. Samkvæmt þessu hafa fyrstu fjögur árin verið greidd, en það samsvarar 4,32% af upphæð höfuðstóls jafngreiðsluláns og verða eftirstöðvarnar þá 95,68%.

Það má því áætla að upphaflegt kaupverð íbúðanna hafi verið um 68,1 ma.kr. (=14,6 ma.kr./22,5%/79,568%). Að teknu tilliti til hækkunar íbúðaverðs umfram verðlag var markaðsvirði þessara eigna því um 93,3 ma.kr. í árslok 2004. Veðsetningarhlutfallið hefur þá lækkað úr 90% í um 63% á höfuðborgarsvæðinu.⁸

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Viðbótarlán alls	1.276.983	1.725.332	2.248.265	3.751.932	5.783.949	6.202.557	20.989.019
Höfuðborgarsvæðið	878.637	1.110.533	1.516.388	2.640.429	4.146.735	4.358.918	14.651.640
Önnur landssvæði	398.346	614.799	731.878	1.111.503	1.637.215	1.843.639	6.337.379
Hluttur höfuðborgarsvæðis	68,8%	64,4%	67,4%	70,4%	71,7%	70,3%	69,8%
Önnur lán íbúðalánasjóðs							
Höfuðborgarsvæðið	2.635.912	3.331.599	4.549.163	7.921.288	12.440.204	13.076.755	43.954.920
Höfuðborgarsvæðið:							
Kaupverð eigna (áætlað)	4.081.484	5.158.697	7.043.990	12.265.438	19.262.594	20.248.238	68.060.441
Markaðsvirði í árslok 2004*	6.917.401	7.900.471	9.852.654	17.146.928	26.113.915	25.334.219	93.265.589
Veðsetningarhlutfall	50,8%	56,2%	61,6%	61,6%	63,5%	68,8%	62,8%

* Framreiknað kaupverð m.v. "vísitölu fasteignaverðs umfram verðlag"

Tafla 7 Yfirlit yfir veðsetningarhlutfall íbúða með viðbótarlán á höfuðborgarsvæðinu
Heimild: Unnið úr gagnagrunni Íbúðalánasjóðs

Því miður liggur ekki fyrir sambærilegt efni fyrir eignir utan höfuðborgarsvæðisins, en gera má ráð fyrir því að verð þar hafi ekki breyst með sama hætti og í einhverjum tilvikum kann verð að hafa lækkað að teknu tilliti til almennra verðlagsbreytinga á tímabilinu. Lækkunin á landsbyggðinni þarf að hafa verið meiri en 53% til að jafna verðhækkunina á höfuðborgarsvæðinu. Rétt er að minna á að þó verð íbúða hafi hækkað verulega á síðustu árum er ekki

⁶ Hér hækkanir á fasteignaverði samkvæmt vísitölu útgefinni af Fasteignamatí ríkisins verið leiðréttar fyrir almennum verðlagsbreytingum í vísitölu neysliverðs, til að reikna hækkun íbúðaverðs umfram hækkun lána samkvæmt verðtryggingu þeirra.

⁷ Hér er gert ráð fyrir því að viðbótarlán vegna fyrstu kaupa og seinni kaupa skiptist að jöfnu, þ.e. viðbótarlán væri 25% (frá 65% til 90%) þegar ekki er um fyrstu kaup að ræða en 20% (frá 70% til 90%) þegar um fyrstu kaup er að ræða. Meðaltalið verðu 22,5%.

⁸ Hækkun á markaðsvirði eigna er unnin úr upplýsingum Fasteignamats ríkisins um vísitölu markaðsverðs á höfuðborgarsvæðinu. Hækkun umfram verðlag er reiknuð miðað við hækkun umfram vísitölu neysliverðs.

Þar með tryggt að verð lækki ekki á næstu árum, sem myndi hækka veðsetningarlutfallið á ný.

Eiginfjárlutfall vegna íbúða á höfuðborgarsvæðinu

	524.678	2,50%	2,75%	3,00%	3,25%	3,50%	3,75%	4,00%	4,25%	4,50%	4,75%	5,00%
Eiginfjárlutfall vegna íbúða utan höfuðborgarsvæðisins	2,50%	524.678	561.302	597.926	634.551	671.175	707.799	744.424	781.048	817.672	854.297	890.921
	2,75%	540.521	577.145	613.770	650.394	687.018	723.643	760.267	796.891	833.516	870.140	906.764
	3,00%	556.365	592.989	629.613	666.238	702.862	739.486	776.111	812.735	849.359	885.984	922.608
	3,25%	572.208	608.832	645.457	682.081	718.705	755.330	791.954	828.578	865.203	901.827	938.451
	3,50%	588.051	624.676	661.300	697.924	734.549	771.173	807.797	844.422	881.046	917.670	954.295
	3,75%	603.895	640.519	677.144	713.768	750.392	787.017	823.641	860.265	896.890	933.514	970.138
	4,00%	619.738	656.363	692.987	729.611	766.236	802.860	839.484	876.109	912.733	949.357	985.982
	4,25%	635.582	672.206	708.830	745.455	782.079	818.703	855.328	891.952	928.576	965.201	1.001.825
	4,50%	651.425	688.050	724.674	761.298	797.923	834.547	871.171	907.796	944.420	981.044	1.017.669
	4,75%	667.269	703.893	740.517	777.142	813.766	850.390	887.015	923.639	960.263	996.888	1.033.512
	5,00%	683.112	719.736	756.361	792.985	829.609	866.234	902.858	939.482	976.107	1.012.731	1.049.355

Tafla 8 Eigið fé Varasjóðs viðbótarlána að teknu tilliti til mismunandi eiginfjárlutfalls vegna íbúða á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar

Eiginfjárlutfall fjármálfyrirtækja

Hér að ofan hefur nokkuð verið rætt um þróun viðbótarlána og líkur á töpuðum útlánum vegna viðbótarlána Íbúðalánasjóðs. Tapslíkurnar felast í því að fullnaðargreiðsla faist ekki á afborgunum og vöxtum vegna lánsins.

Til að tryggja rekstraröryggi fjármálfyrirtækja er gerð sú krafa að eiginfjárlutfall þeirra sé um 8% (sjá 84. gr. laga nr. 161/2002) og við mat á eiginfjárlutfalli eru "lán sem tryggð eru með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði, sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lantakanda, innan 80% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins"⁹ gefin áhættuvogin 0,5. Ljóst er að við útgáfu viðbótarlánanna var lánshlutfallið hærra en 80% af fasteignamatinu en ætla má að það hlutfall hafi nú lækkað, vegna afborgana af lánum og hækkunar á fasteignamati umfram verðlagsbreytingar. Haldi þessi forsenda má gera ráð fyrir því að 4,0% eiginfjárlutfall væri hæfileg krafa fyrir Varasjóð viðbótarlána. Það er hins vegar hærri krafa ein gerð er til Íbúðalánasjóðs.

Samantekt

Tafla 8 sýnir hvert nauðsynlegt eigið fé Varasjóðsins er að gefnum mismunandi forsendum um nauðsynlegt eiginfjárlutfall vegna íbúða á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar. Sjá má að ef gert er ráð fyrir því að eiginfjárlutfallið sé 4,0%, þ.e. jafnt eiginfjárkröfu á fjármálfyrirtæki og því hlutfalli sem sveitarfélögin greiddu í sjóðinn við lánveitingar eftir breytingar árið 2003, þá þarf eigið fé að vera um 839 m.kr. miðað við lifandi lán í árslok 2004.

Svo sem fyrr segir er eigið fé Íbúðalánasjóðs um 2,5%. Ef miðað er við sama fyrir Varasjóðinn þá mætti lækka eigið fé sjóðsins niður í um 525 m.kr. Taka má tillit til þess að áhættan er meiri utan höfuðborgarsvæðisins með því að gera hærri kröfu vegna þeirra íbúða t.d. 4,0% eiginfjárlutfalli vegna þeirra íbúða en 2,5% eiginfjárlutfalli vegna íbúða á

⁹ Reglugerð nr. 530/2003 um eiginfjárlutfall fjármálfyrirtækja

höfuðborgarsvæðinu. Við þær aðstæður þyrfti eigið fé sjóðsins vera um 620 m.kr., sem samsvarar um 3,0% eiginfjárhlutfalli fyrir sjóðinn í heild.

Þar sem vanskil vegna viðbótarlána eru nokkru meiri en annarra lána hjá Íbúðalánasjóði er ekki óeðlilegt að varlega sé farið í að lækka eigið fé Varasjóðsins. Vegna uppgreiðslna benda þó ofangreind viðmið til þess að óhætt sé að lækka eiginfjárstöðu sjóðsins úr 1,3 ma.kr. í 0,8 ma.kr. og við frekari lækkun eigin fjár verði litið til uppgreiðslna viðbótarlána, þannig að eigið fé verði ætíð 3,0-4,0% af lifandi lánnum hverju sinni.


Nauðsynlegt eiginfjárhlutfall vegna Tryggingasjóðs byggingargalla

Tryggingarsjóður vegna byggingargalla var stofnaður með lögum um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 70/1990. Í 97. gr. laganna segir að sjóðurinn hafi tekjur sem skuli nema 1% af byggingarkostnaði félagslega íbúða. Sjóðnum var ætlað að bæta tjón sem hlýst af byggingargöllum félagslegra íbúðabygginga fyrstu 15 árin eftir byggingu þeirra. Tryggingartímabili fyrstu eigna lýkur árið 2005. Ábyrgð sjóðsins vegna byggingargalla þeirra húsa sem síðast voru byggð gildir til ársins 2013.

Í árslok 2004 var eiginfjárstaða sjóðsins um 197 m.kr. og hafði lækkað um rúmar 50 m.kr. frá fyrra ári, mest vegna framlags til sveitarfélaga samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 4. apríl 2002.

Frá 1999 hefur sjóðurinn greitt samtals um 47 m.kr. í framlög vegna byggingargalla sem samsvarar um 9,4 m.kr. á ári.

Ef gert er ráð fyrir því að sjóðurinn greiði um 10 m.kr. á ári vegna byggingargalla þarf sjóðurinn að vera um 73 m.kr. miðað við 4,5% ávöxtunarkröfu og um 109 m.kr. ef gert er ráð fyrir því að árleg tjón séu að jafnaði um 15 m.kr.



Mynd 2 Áætlun um íbúðir sem falla úr “tryggingarvernd” Tryggingasjóðs byggingargalla
 Unnið úr gagnagrunni Íbúðalánasjóðs

Mynd 2 sýnir að hætta á því að sjóðurinn þurfi að greiða fyrir tjón minnkar lítillega á milli ára. Þannig falla einungis um 5% íbúðanna úr tryggingavernd árið 2005, 15% hafa fallið úr vernd árið 2006 og um 50% í árslok 2010, eftir það falla um 20% á ári úr tryggingarvernd, uns henni lýkur árið 2013.

Kafli 2

Áætlanir 2005-2009

Breytingar á húsnæðislánamarkaði hafa haft veruleg áhrif á þörf fyrir Varasjóð viðbótarlána, íbúðaverð hefur hækkað og þar með veðhæfni íbúða. Þetta hefur haft þau áhrif að viðbótarlán hafa verið greidd upp hraðar en gert var ráð fyrir. Ástæður þessa eru eflaust margar en hluti skýringarinnar er eflaust fólgin í því að þeir sem fengið höfðu viðbótarlán, fengu þau ekki vegna erfiðra félagslegra aðstæðna heldur voru nýkomnir úr námi og höfðu því hvorki efnahag né tekjur til að fjárfesta í húsnæði, en hafa bætt stöðu sína síðan. Þá hafa bæði Íbúðalánasjóður og bankar hækkað láns hlutfallið svo mjög og vextir lækkað, að geta fólks til að kaupa dýrara húsnæði hefur orðið til þess að lánin hafa verið greidd upp.

Við gerð áætlunar fyrir Varasjóð húsnæðislána þarf að hafa þessar breyttu forsendur í starfsemi sjóðsins í huga. Spyrja þarf m.a. hvernig þróunin muni verða á næstu árum, hvort uppgreiðsla lána haldi áfram, hvort það muni einskorðast við höfuðborgarsvæðið, hvernig íbúðaverð muni þróast á næstu árum og hvernig almennar efnahagslegar forsendur muni líta út.

Forsendur

Við gerð áætlunar fyrir Varasjóð húsnæðismála var gengið út frá þeirri megin forsendu að eigið fé Varasjóðs viðbótarlána lækki ekki niður fyrir 3,5% af lifandi lánum hverju sinni. Tekið var tillit til nýlegra tillagna tekjustofnanefndar um 145 m.kr. viðbótarframlags vegna sölu félagslegra íbúða og samþykktar um ráðstöfun eigin fjár vegna viðbótarlána um 280 m.kr. á ári 2005-2008.

Gert er ráð fyrir því að uppgreiðsla viðbótarlána haldi áfram árið 2005-2009 og verði staða lifandi lána um 11,2 ma.kr. í lok árs 2009. Það samsvarar um 2 ma.kr. uppgreiðslum á ári og um 9,8 ma.kr. á tímabilinu. Ef uppgreiðslur lækka um 1 ma.kr. á ári og eiginfjárlutfallið helst óbreytt þyrfti hins vegar að lækka árlegar greiðslur um 45 m.kr. Ef halda á óbreyttum greiðslum en uppgreiðslur lækka um 1 ma.kr. á ári, myndi eiginfjárlutfallið lækka í 2,5%.

Gert er ráð fyrir því að verðlagsbreytingar verði í samræmi við áætlanir fjármálaráðuneytis fyrir árin 2005-2007, en verði 3% árið 2008 og 2,5% árið 2009.

Rekstrarreikningur	ISKþús	Áætlun							
		2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tekjur		351.851	381.721	337.820	80.000	80.000	0	0	0
Framlög sveitarfélaga í Varasjóð		242.347	301.721	257.820	0	0	0	0	0
Söluhagnaður íbúða		10.427	0	0	0	0	0	0	0
Sveitarfélög: v./rekstrarframlaga		10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	0	0	0
Sveitarfélög: v./söluframlaga		10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	0	0	0
Framlög ríkisins í Varasjóð		62.577	60.000	60.000	60.000	60.000	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur		16.500	0	0	0	0	0	0	0
Gjöld		159.523	180.022	169.345	495.000	480.000	325.000	305.000	65.000
V./reksturs félagslegra íbúða		40.153	41.398	70.000	50.000	50.000	0	0	0
V./auðra félagslegra íbúða		29.847	28.602	0	20.000	20.000	0	0	0
V./sölu félagslegra íbúða		43.814	96.217	69.941	130.000	115.000	30.000	10.000	0
Sérstök framlög af eigin fé		0	0	0	280.000	280.000	280.000	280.000	50.000
Endurgreiddur sölukostnaður		1.435	0	0	0	0	0	0	0
Niðurgreiðslur og afskriftir eldri lána		28.060	0	0	0	0	0	0	0
Tjón vegna byggingargalla		16.214	948	12.436	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
Útlánatöp og önnur útgjöld		0	12.857	16.968	0	0	0	0	0
Hreinar tekjur		192.328	201.699	168.475	-415.000	-400.000	-325.000	-305.000	-65.000
Rekstrarkostnaður		10.617	12.771	10.458	10.866	11.279	11.662	12.012	12.312
Laun og launatengd gjöld		4.945	7.175	7.437	7.727	8.021	8.293	8.542	8.756
Annar rekstrarkostnaður		5.672	5.596	3.021	3.139	3.258	3.369	3.470	3.557
Tekjur umfram gjöld		181.711	188.928	158.017	-425.866	-411.279	-336.662	-317.012	-77.312
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld									
Vaxtatekjur og verðbætur		66.800	66.754	115.311	126.656	103.919	80.530	58.039	38.522
Tekjur umfram gjöld ársins		248.511	255.682	273.328	-299.210	-307.360	-256.132	-258.973	-38.791

Tafla 9 Áætlaður rekstrarreikningur Varasjóðs húsnæðismála 2005-2009

Gert er ráð fyrir því að byggingagallar kosti Tryggingasjóð vegna byggingagalla um 15 m.kr. á ári og framlag Varsjóðs viðbótarlána verði 280 m.kr. á ári árin 2005-2007, í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar frá 17. mars 2005. Áætlunin gerir ráð fyrir sama framlagi árið 2008 (280 m.kr.) og um 40 m.kr. árið 2009.

Áætlunin gerir ráð fyrir því að vaxtatekjur nemi um 8% af handbæru fé hverju sinni. Vaxtatekjurnar munu skiptast á milli Varasjóðs viðbótarlána og Tryggingasjóðs byggingagalla, hlutfallslega miðað við stöðu hvors um sig.

Niðurstöður áætlunarinnar eru þær að rekstrarkostnaður sjóðsins verði 495 m.kr. árið 2005, en lækki milli ára í um 305 m.kr. árið 2008, en auk þess er gert ráð fyrir því að gengið verið á eigið fé sjóðsins.

Rekstrartekjur sjóðsins þessi sömu ár lækka úr um 140 m.kr. árið 2005 í um 10 m.kr. árið 2008.

Rekstrartap verður samkvæmt áætluninni frá 77 m.kr. í um 365 m.kr., en vaxtatekjur minnka það um 50-127 m.kr. á tímabilinu. Tap sjóðsins verður því á bilinu 25-258 m.kr.

Sjóðstreymi	ISKþús	Áætlun							
		2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Innborganir									
Sveitarfélög v. viðbótarlána		246.030	287.048	281.219	0	0	0	0	0
Sveitarfélög v. rekstrarframlaga		10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	0	0	0
Sveitarfélög v. söluframlaga		10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	0	0	0
Framlag úr Tryggingasjóði		60.000	60.000	60.000	60.000	60.000	0	0	0
Framlag ríkisins		2.577	120.000	60.000	60.000	60.000	0	0	0
Innborgaðar vaxtatekjur		73.805	66.754	115.311	126.656	103.919	80.530	58.039	38.522
Aðrar inngreiðslur		11.866	0	0	0	0	0	0	0
Innborganir samtals		414.278	553.802	536.530	266.656	243.919	80.530	58.039	38.522
Útborganir									
Greitt til sveitarfélaga		55.767	180.428	203.539	200.000	185.000	30.000	10.000	0
útborgun v. lækkunar viðbótarlána		0	0	0	280.000	280.000	280.000	280.000	100.000
TB v. sölu- og rekstrarframlaga		60.000	60.000	60.000	60.000	60.000	40.000	0	0
Kostnaður og skammtímaskuldir		18.122	13.844	10.738	10.866	11.279	11.662	12.012	12.312
Útborganir samtals		133.889	254.272	274.277	550.866	536.279	361.662	302.012	112.312
Breyting á handbæru fé		280.389	299.530	262.253	-284.210	-292.360	-281.132	-243.973	-73.791
Handbært fé í ársbyrjun		741.024	1.021.413	1.320.943	1.583.196	1.298.986	1.006.626	725.494	481.521
Handbært fé í árslok		1.021.413	1.320.943	1.583.196	1.298.986	1.006.626	725.494	481.521	407.730

Tafla 10 Áætlað sjóðstreymi Varasjóðs húsnæðismála 2005-2009

Að gefnum fyrrgreindum forsendum verða lifandi viðbótarlán um 11,2 ma.kr. í lok árs 2009 og eigið fé Varasjóðs viðbótarlána um 206 m.kr., sem samsvarar um 3,5% lifandi lána.

Gert er ráð fyrir því að Tryggingasjóður byggingagalla greiði um 15 m.kr. árlega í tjónabætur árin 2005-2009. Staða hans í árslok 2009 verður þá um 91 m.kr. og getur hann þá staðið undir árlegum tjónum að upphæð allt að 23 m.kr. til ársloka 2013, þegar ábyrgð hans rennur út.

Efnahagur	ISKþús	Áætlun							
		2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Eignir		1.101.063	1.355.266	1.594.120	1.309.910	1.017.550	736.418	492.445	418.654
Kröfur		79.650	34.323	10.924	10.924	10.924	10.924	10.924	10.924
Skammtímakröfur		79.650	34.323	10.924	10.924	10.924	10.924	10.924	10.924
Handbært fé		1.021.413	1.320.943	1.583.196	1.298.986	1.006.626	725.494	481.521	407.730
Eigið fé		993.149	1.248.831	1.522.159	1.222.949	915.589	619.457	360.484	321.693
Varasjóður viðbótarlána		653.880	978.989	1.302.038	1.046.436	786.042	520.549	254.476	206.828
Vegna afskrifta og niðurgreiðslu eldr		0	0	0	0	0	0	0	0
Tryggingasjóður byggingagalla		293.557	248.565	196.998	153.390	106.424	75.784	82.885	91.742
Framlög við sölu		45.712	21.277	23.123	23.123	23.123	23.123	23.123	23.123
Rekstrarframlög		0	0	0	0	0	0	0	0
Skuldir		107.914	106.435	71.961	86.961	101.961	116.961	131.961	96.961
Skuld við sveitarfélög		104.600	104.195	70.000	85.000	100.000	115.000	130.000	95.000
Aðrar skammtímaskuldir		3.314	2.240	1.961	1.961	1.961	1.961	1.961	1.961
Skuldir og eigið fé		1.101.063	1.355.266	1.594.120	1.309.910	1.017.550	736.418	492.445	418.654

Tafla 11 Áætlaður efnahagsreikningur Varasjóðs húsnæðismála 2005-2009

Kafli 3

Árangursmat

Samkvæmt reglugerð um Varasjóð húsnæðismála hefur sjóðurinn það hlutverk, auk þess að reka Varasjóð viðbótarlána og Tryggingasjóð byggingargalla, að aðstoða sveitarfélög í erfiðleikum með rekstur félagslegra íbúða.

Í VII. kafla reglugerðarinnar er fjallað um upplýsingavinnslu og úttekt á árangri af verkefnum Varasjóðsins. Þar kemur fram hvaða upplýsingum æskilegt sé að sjóðurinn afli, en útlitun á því hvernig árangursúttekt skuli háttáð er takmörkuð.

Til að meta árangur af starfsemi sjóðsins er nauðsynlegt að leggja upp með skilgreind viðmið. Við framkvæmd úttektar þessarar voru þessi viðmið sett samhliða árangursmatinu.

Árangursmat

Markmiðssetning

Rekstur og Ráðgjöf ehf.vann úttekt fyrir Íbúðalánasjóð og félagsmálaráðuneytið árið 2001. Í þeirri úttekt eru tillögur um aðgerðir Varasjóðsins og greina má árangur sjóðsins með samanburði aðgerða við þær tillögur.

- Gæta skyldi að jafnvægi framboðs og eftirspurnar í þeim sveitarfélögum þar sem íbúðir yrðu seldar á almennum markaði og lágmarka verðlækkun eigna vegna hugsanlegs offramboðs eigna.
Niðurstaða: Segja má að starfshættir sjóðsins, það að sveitarfélögin hafa átt þess kost að óska eftir innlausn íbúða hafi gert það að verkum að það hafa ekki komið fram ábendingar frá sveitarfélögunum um að framboð félagslegs húsnæðis hafi haft áhrif til verðbreytinga á öðru húsnæði. Sveitarfélögin hafa því haft stjórn á framboðinu og vandamál ekki komið upp.
- Kerfið skyldi vera sem mest sjálfbært. Gert var ráð fyrir því að sveitarfélög þar sem söluhagnaðar yrði af sölu íbúða út úr kerfinu legðu honum til tekjur, auk þess sem ríkissjóður legði til árleg framlög.
Niðurstaða: Þetta hefur ekki gengið eftir þar sem lögum var breytt og sveitarfélög eiga þess nú kost að bjóða íbúum upp á að selja sjálfum á almennum markaði. Því hefur sjóðurinn fyrst og fremst haft tekjur af framlögum í Varasjóð viðbótarlána, auk framlaga úr ríkissjóði. Eigi sjóðurinn að vera sjálfbær í framtíðinni mega útgjöld úr honum ekki vera hærri en sem nemur vaxtatekjum, nema til komi aðrir tekjustofnar. Að öðrum kosti mun sjóðurinn ekki vera sjálfbær.
- Lausnir skyldu vera yfirfærarlegar á aðra landshluta.
Niðurstaða: Sveitarfélög í öllum landsfjórðungum hafa fengið framlög samkvæmt þeim viðmiðunarreglum sem mótaðar voru. Ekki er að sjá annað en að aðferðafræðin hafi verið yfirfærarleg.
- Nokkur umræða var um það á þeim tíma sem fyrri skýrsla var unnin að sveitarfélög væru í vanskilum við Íbúðalánasjóð.

Niðurstaða: Skoðunin náði þá til sveitarfélaganna á Vestfjörðum sem á þeim tíma skulduðu um 47 m.kr. vegna félagslegra lána, en skulduðu ekkert um síðustu áramót, samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði. Ekki bárust upplýsingar um stöðu sveitarfélaganna vegna annarra vanskila s.s. vegna framkvæmdalána og bráðabirgðalána, en sveitarfélögin skulduðu Íbúðalánasjóði um 136 m.kr. samkvæmt samantekt sem unnin var fyrir árið 2000 og 230 í bráðabirgðalánunum. Hafi þessar skuldir verið greiddar hefur staðan lagast verulega.

Samkvæmt ofantöldu hafa þau markmið sem lögð voru til grundvallar í úttektinni, að mestu náð fram að ganga. Mestu munar þó hvað varðar “sjálfbærni kerfisins”, en lagabreytingar gerðu það að verkum að eina leiðin til að kerfið verði sjálfbært eftir það er að greiðslur úr sjóðnum takmarkist við vaxtatekjur hans, sem ekki nægir til að standa undir árlegri greiðsluþörf hans.

Almenn markmið

